

**2008 nr. 152 23. desember**

**Lög um niðurfellingu laga um kísilgúr-  
verksmiðju við Mývatn, nr. 80/1966, með  
síðari breytingum, og um ráðstöfun eigna  
Kísilgúrsjóðs**

Tóku gildi 31. desember 2008. Breytt með l. 126/2011 (tóku gildi 30. sept. 2011).

Ef í lögum þessum er getið um ráðherra eða ráðuneyti án þess að málefnavið sé tilgreint sérstaklega eða til þess vísað, er átt við **ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra** eða **atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti** sem fer með lög þessi.

■ **1. gr.**

Kísilgúrsjóði skal slitið og starfsemi hans lögð niður við gildistöku laga þessara.

■ **2. gr.**

[Ráðherra]<sup>1)</sup> er heimilt að ráðstafa eignum sjóðsins með samningi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga hf. Samningurinn skal hafa það að markmiði að efla atvinnulíf og nýsköpun í Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppi og Norðurþingi.

<sup>1)</sup> L. 126/2011, 501. gr.

■ **3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi.

. . .